



TENGLANET UM UPPLÝSINGA-
OG MIÐLALÆSI

#6 Líðan og samfélagsmiðlar

Fræðslumyndband (8:42 mín)

Stutt og hnitmiðuð fræðslumyndbönd eru frábær til að kveikja gagnrýna hugsun og umræður!

Fræðslumyndbandið **Líðan og samfélagsmiðlar** (8:42 mín) inniheldur upplýsingar úr víðtækri [rannsókn Fjölmiðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands](#) meðal barna og ungmenna á aldrinum 9 - 18 ára vorið 2021. Hver er upplifun ungmenna af eigin notkun á samfélagsmiðlum og hvaða ráð myndu þau sjálf gefa öðrum sem yngri eru og vilja ólm byrja að nota samfélagsmiðla? Hér er rætt við ungmenni úr Ungmennaráðum Samfés og Samtakanna '78 um samskipti á netinu og þeim áhrifum sem það getur haft á líðan. Er eitthvað í umhverfi samfélagsmiðla sem ýtir undir neikvæð samskipti? Ásamt því er rætt við Skúla Braga Geirdal verkefnastjóra miðlalæsis hjá Fjölmiðlanefnd.

Líðan og samfélagsmiðlar er meginviðfangsefnið; tíminn sem þau eru á samfélagsmiðlum, hatursskilaboð undir nafni eða nafnlaus, hegðun á netinu, streyta varðandi fjölda „like“ og um hvernig koma megi í veg fyrir stafræn átök. Stuðningsefnið er hugsað einkum fyrir miðstig en ef ekki hefur verið farið í efnið með eldri nemendum er sjálfsagt að nota það.

Undirbúningur

Skref 1

Kynntu þér efni fræðslumyndbandsins

Skoðaðu þá staði í myndbandinu sem þú telur mikilvægt að staldra við (pause) og ræða frekar við nemendur.

Skref 2

Kynntu þér staðreyndir um líðan og samfélagsmiðla í [nýlegri íslenskrri rannsókn Fjölmiðlanefndar](#).

Með nemendum eftir áhorf

Skref 3

Samræður um líðan og samfélagsmiðla.

T-spjald varpað upp eða sett á veggspjald.

Yfirskrift: Líðan og samfélagsmiðlar.

Dáلكur 1: Líður vel.

Dáلكur 2: Líður ekki vel.

Hvernig hegðun á samfélagsmiðlum fær nemendur til að líða vel? (skráð í dáلك 1) og hvernig hegðun fær nemendur til að líða illa? (skráð í dáلك 2).

Skref 4:
Sýning á myndbandinu
Líðan og samfélagsmiðlar
(8:42 mín)

Með nemendum eftir áhorf

Skref 5

Samræður og verkefni tengt efni fræðslumyndbandsins

- meginpunkta samræðu má ljóma upp með skráningu í tölvu sem varpað er á vegg, skráningu á veggspjald eða á töflu. Spurningunum er ætlað að virkja gagnrýna hugsun og rökhugsun meðal nemenda um hatur og áreiti á netinu.

- Hægt er að tengja efni fræðslumyndbandsins við T spjald bekkjarins um líðan og samfélagsmiðla með því að bæta við T spjaldið eða gera annað hliðstætt og bera þau svo saman.
- Hvað segja rannsóknir okkur um líðan barna og ungmenna á samfélagsmiðlum skv. fræðslumyndbandinu?
- Finnst ykkur að þið þurfið að svara skilaboðum á samfélagsmiðlum strax?
- Hvernig getum við tekið stjórnina af samfélagsmiðlum í okkar eigin hendur?
- Hvað getum við gert þegar okkur líður illa útaf skilaboðum eða viðbrögðum frá öðrum á samfélagsmiðlum? Hvaða ráð koma fram í fræðslumyndbandinu?
- Hver eru aldurstakmörkin á samfélagsmiðlum? Af hverju ætli þau aldurstakmörk séu?
- Finnið þið fyrir pressu frá ykkar vinum að nota samfélagsmiðla?
- Þegar að þið fáið skilaboð í símann ykkar, hvað er það fyrsta sem þið hugsið? Þarf að svara strax eða má bíða með að svara?
- Hvað hugsið þið þegar að aðrir svara ykkar skilaboðum ekki strax?
- Þegar að þið póstið myndbandi eða mynd, hvað er það fyrsta sem þið hugsið og hvernig líður ykkur á eftir?
- Hvernig líður ykkur þegar að þið fáið ekki þau viðbrögð sem þið áttuð von á þegar að þið póstið efni?
- Hvað eyðið þið miklum tíma í að búa til efni til að pósta á samfélagsmiðlum?
- Hvernig finnst ykkur að umhverfið ætti að vera þannig að öllum geti liðið vel?
- Hvernig vekja emoji tákn upp tilfinningar okkar?

Skref 6

Stafræn átök aftengd.

Lykilspurning: Hvernig getum við minnkað líkurnar á að stafræn átök, eða „digital drama“ fari úr böndunum?

[Glærur](#) og [Vinnublöð](#)

Til kennara - [Leiðbeiningar](#) á ensku.

Skref 7

Tölulegar staðreyndir sem koma fram í myndbandinu:

60-70% nemenda á unglिंगastigi og í framhaldsskólum segjast eyða miklum tíma á samfélagsmiðlum.

Þriðjungur nemenda á unglिंगastigi hefur séð eftir færslu á samfélagsmiðlum.

Hvers vegna ætli þau hafi séð eftir færslunum?

4 af 10 á unglिंगastigi eru með falskan aðgang á samfélagsmiðlum

Af hverju ætli sumir stofni falska aðganga á samfélagsmiðlum?

Strákar eru líklegri til að fá auglýsingar um fjárhættuspil og áfengi.

Stelpur eru líklegri til að fá auglýsingar um megrunarvörur, andlitsmeðferðir, útlitsaðgerðir (brjósta- og rassastækkanir, nefaðgerðir) og sólbaðsstofur.

Teljjið þið þetta hafa áhrif á sjálfsmýnd barna og ungmenna?

Fjórðungur nemenda á unglिंगastigi hefur rekist á ógnvekjandi myndir þar sem verið er að skaða menn og dýr og umræður um leiðir til að grenna sig verulega (t.d. með búlimíu og lystarstoli) á netinu á undanfögnu ári.

Hvaða áhrif geta slíkar myndir haft á okkur og hvernig líður okkur þegar við horfum á slíkt efni?

Fimmtungur nemenda á unglिंगastigi hefur séð hatursskilaboð gagnvart minnihlutahópum, áætlanir um slagsmál og leiðir til að skaða sig líkamlega á netinu á undanfögnu ári.

Hvaða áhrif geta slík skilaboð haft á okkur og hvernig líður okkur þegar við lesum þannig skilaboð?

Skref 8:

Upprifjun - Umræða dregin saman með því að fara yfir punktana sem skráðir hafa verið og spyrja að lokum hvort þau vilji bæta einhverju við.

Skref 9

Lyndistákn - emoji

Hvaða merkingu leggja nemendur í lyndistáknin og eru einhver lyndistákn dónalegri en önnur. Hvenær verður merking lyndistákna meiðandi? Safnið dæmum með nemendum og gerið samanburð á meiðandi og styðjandi notkun lyndistákna að mati nemenda.

Fyrir eldri nemendur má nota vefinn [Emojipedia](#) sem er nokkurs konar orðabók fyrir emoji. Þar er einnig að finna áhugaverða tölfræði sem hægt er að vinna með.

Fyrir yngri nemendur mætti fara í merkingu helstu emoji táknanna og gera þeim grein fyrir að táknin hafa merkingu og geta meitt eða verið mistúlkuð.

Hvað er miðlalæsi?

Leita

Skilja

Greina

Meta

Skapa

Upplýsingalæsi- og miðlalæsi er hæfnin til að leita sér að, skilja, greina, meta og skapa upplýsingar á öruggan og skilvirkan hátt í gegn um mismunandi miðla og upplýsingaveitur.

Ítarefni

[Samfélag og samfélagsmiðlar - Líðan ungs fólk í netheimum.](#)
Hlaðvarpsþáttur á RÚV.

[Líf mitt á samfélagsmiðlum](#) - fræðslupakki í skyggukynningu, kostir og gallar samfélagsmiðla.

[Hver eru þín einkamál](#) - bæklingur frá Persónuvernd, til umhugsunar fyrir börn á aldrinum 13 - 18 ára. ([PDF til útprentunar](#))

